

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 295/2010 um heiti og merkingu textílvára.

1. gr.

Á eftir 1. gr. reglnanna bætist við ný grein, svohljóðandi, er verður 2. gr. og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

Á grundvelli sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2010 frá 2. júlí 2010 skal tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/121/EB um breytingu á I. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB um textílheiti í því skyni að laga þá að tækni framförum öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun I og öðrum ákvæðum sammingsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Við 2. gr. reglnanna, sem verður að 3. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í 2. gr., eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Framangreindar breytingar, sem innleiða tilskipun 2009/121/EB og eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, öðlast gildi við birtingu.

Neytendastofu, 15. október 2010.

Tryggvi Axelsson.

Hjördís Björk Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/121/EB**

frá 14. september 2009

um breytingu á I. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB um textílleiti í því skyni að laga þá að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílleiti⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2008/121/EB eru settar reglur um merkingu á vörum, með tilliti til innihalds textíltrefja í þeim, sem eiga að tryggja að hagsmunir neytenda séu varðir. Óheimilt er að setja textílvörur á markað í Bandalaginu nema þær uppfylli ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 2) Í ljósi nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi er nauðsynlegt að bæta trefjunni melamín við skrána yfir trefjar í I. og V. viðauka við tilskipun 2008/121/EB í því skyni að laga hana að tækniframförum.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2008/121/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílleiti og merkingar textílværa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2008/121/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 48. lína bætist við í I. viðauka:

| | | |
|-----|---------|--|
| „48 | Melamín | Trefjar myndaðar úr a.m.k. 85%, miðað við massa, víxltengdum stórsameindum sem gerðar eru úr melamínafleiðum“. |
|-----|---------|--|

2. Eftirfarandi 48. færsla bætist við í V. viðauka:

| | | |
|-----|---------|--------|
| „48 | Melamín | 7,00“. |
|-----|---------|--------|

*2. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufluyfirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. september 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter Verheugen

varaforseti.

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2010

⁽¹⁾ Sjá ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.